



Reykjavík, 28. maí 2020

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 300/2018

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum, sem nú eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnarráðsins. Drögin lúta að nýrri málsgrein um innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva sem skal m.a. fela í sér vöktun á viðkomu laxa- og fiskilúsar, samkvæmt nánari leiðbeiningum í viðauka VI í fyrirhugaðri nýrri reglugerð um fiskeldi. Ef niðurstaða talningar leiðir í ljós að fjöldi kynþroska kvenlúsa er meiri að meðaltali, en sem nemur þremur lúsum á hvern fisk tvö samliggjandi talningatímabil í röð, skal rekstrarleyfishafi tilkynna það til Matvælastofnunar sem metur hvort og þá hvaða aðgerða er þörf.

Íslensk eldisfyrirtæki hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á fyrirbyggjandi og umhverfisvænar mótvægisáðferðir til að stemma stigu við fjölgun sjávarlúsa. Til eru fiskar sem éta lýs af öðrum fiskum, sem kallaðir eru hreinsifiskar, og hafa verið notaðir m.a. bæði í Færeyjum og Noregi. Hrognkelsi eru talin henta vel í köldum sjó og hafa því t.d. verið notuð til að éta lýs af löxum í Dýrafirði og Arnarfirði og hefur það gefist ágætlega. Í dæmaskyni má benda á að í fundargerð fisksjúkdómanefndar, dags. 23. september 2019, kemur fram að fjallað hafi verið um niðurstöðu talningar á fiskilús og laxalýs í kvíum í Tjaldanesi og Hringsdal í Arnarfirði, og að góð og kerfisbundin notkun á hrognkelsum til varnar laxalús hafi skilað góðum árangri. Hvíld svæða og aðskilnaður kynslóða er einnig mjög mikilvægur þáttur í sjúkdómavörnum og lykilorð þáttur í vörnum gegn laxalús. Aðrar mótvægisáðferðir eru t.d. notkun hlífðardúks og notkun sérstaks fódurs sem dregur úr líkum á ásetu lúsalirfa. Í undantekningartilvikum hafa fyrirtæki þó neyðst til að nota lyf gegn lús, en ljóst er að fara þarf varlega í notkun slíkra lyfja til að koma í veg fyrir að lýsnar myndi viðnám eða ónæmi gegn lyfjunum.

Að teknu tilliti til almennra umhverfisskilyrða, skipulags og staðsetningar laxeldis hér á landi, tiltækra mótvægisáðgerða og lágrar smittiðni í villtum laxfiskastofni, er unnt að draga verulega úr áhrifum laxalúsar. Almennt má því ætla að lítil hætta sé á að villtir laxfiskar skaðist af laxalús vegna uppbyggingar á laxeldi hér á landi. Í þessu samhengi má benda á að samkvæmt ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma, sem starfar á vegum Matvælastofnunar, fyrir árið 2019, starfrækja eldisfyrirtæki á Íslandi öflug eftirlitsteymi sem vakta stöðu mála með reglubundnum lúsatalningum á þeim árstíma sem sjávarhiti er yfir 4 stigum. Staða lúsamála samkvæmt skýrslunni var almennt mjög góð fyrstu 9 mánuði ársins 2019. Hvað laxalús varðar kom aðeins í einu tilfelli til þess að ástæða þótti til að stemma stigu við vexti hennar, ekki síst til að fyrirbyggja of

mikinn fjölda lúsa þegar kæmi fram á vetur. Í slíkum undantekningartilvikum er hins vegar mikilvægt að unnt sé að grípa til markvissra og skjótvirkra aðgerða til þess að draga fljótt úr vexti sjávarlúsa. Að þessu atriði lýtur eftirfarandi athugasemd SFS:

Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum er ráðgert að talning á sjávarlús skuli fara fram samkvæmt leiðbeiningum í viðauka VI í reglugerð nr. XX/2020 um fiskeldi. Ef niðurstaða talningar á laxalús leiðir í ljós að fjöldi kynþroska kvenlúsa sé að meðaltali meiri en sem nemur þremur lúsum á hvern fisk tvö samliggjandi talningartímabil í röð skal rekstrarleyfishafi tilkynna það til Matvælastofnunar sem metur þá hvort og þá hvaða aðgerða er þörf.

Í þessu samhengi athugast að samkvæmt þeim leiðbeiningum sem fram koma í tilvitnuðum viðauka VI í auglýstum drögum að reglugerð um fiskeldi sem birt var á samráðsgátt, dags. 17. desember 2019, skal talning eiga sér stað einu sinni í mánuði á tímabilinu 1. apríl til 1. júní, að því gefnu að sjávarhiti sé 4 stig eða hærra. Frá 1. júní til 1. október skal telja aðra hverja viku, og svo aftur mánaðarlega að teknu tilliti til hitastigs og veðurfars.

Af framangreindu leiðir að sú staða getur komið upp að þegar fyrirhuguðu talningarviðmiði hefur verið náð líði allt að tvær vikur til tveir mánuðir, háð árstíma, þar til tilkynna ber um stöðuna til Matvælastofnunar. Notkun lyfja við eldi er óheimil nema með sérstöku leyfi og undir eftirliti Matvælastofnunar. Því þarf að biða málsmeðferðar hjá Matvælastofnun, sem tekur í samráði við fisksjúkdómanefnd afstöðu til þess hvort og þá til hvaða aðgerða skal grípa. Sé niðurstaða Matvælastofnunar að notkun lyfja sé nauðsynleg þarf að panta slík lyf að utan sem getur tekið þó nokkurn tíma. Sú staða kann því að koma upp að frá því að lúsatalningaviðmiði er fyrst náð og þar til unnt er að grípa til aðgerða líður langur tími sem lúsin hefur til að fjölga sér.

Með hliðsjón af framgreindu styður SFS að fyrirhugað lúsatalningaviðmið, þ.e. að meðaltali þrjár kynþroska kvenlús, verði endurskoðað til lækkunar. Lægra viðmið myndi veita Matvælastofnun meira og betra svigrúm til að meta og gaumgæfa hvert tilvik með hliðsjón af umhverfisaðstæðum á hverjum stað áður en gripið er til aðgerða gegn lús. Í því samhengi kunna ólík sjónarmið að eiga við um aðstæður á Austfjörðum og Vestfjörðum, m.a. vegna mismunandi sjávarhita.

Enn fremur leggur SFS til bætt verði inn í fyrirbyggjandi drög nýrri málsgrein sem kveður á um að Matvælastofnun skuli án tafa taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða og eigi síðar en innan 7 daga frá því að tilkynning um lúsatalningu berst.

Að öðru leyti áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.



Virðingarfyllst,
f.h. SFS

Sigurgeir Bárðarson
Sigurgeir Bárðarson

